



# Handbók

---

SKÍÐASAMBANDS ÍSLANDS

UPPFÆRT Í DESEM ER 2024

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Ágrip af sögu sambandsins .....	3
Formenn sambandsins .....	3
Skipulag sambandsins .....	4
Stefna og markmið .....	4
Skipurit .....	5
Skipun stjórnar .....	5
Hlutverk stjórnar, fagnefnda og starfsmanna .....	5
Formaður .....	5
Varaformaður .....	6
Gjaldkeri .....	6
Ritari .....	6
Formenn fagnefnda .....	6
Framkvæmdastjóri .....	6
Afreksstjóri .....	6
Landsliðsþjálfarar, þjálfarar og aðrir starfsmenn fagnefnda .....	6
Fagnefndir .....	7
Starfsreglur stjórnar Skíðasambands Íslands .....	7
Verklagsreglur sambandsins .....	10
Starfsáætlanir fagnefnda .....	10
Gerð mótatöflu .....	11
Val á íþróttafólki ársins .....	11
Fjármál .....	12
Stefna sambandsins .....	12
Inn- og útborganir .....	12
Bókhald og endurskoðun .....	12
Fjárhagsáætlun .....	12
Fundir sambandsins .....	13
Skíðaping .....	13
Alþjóðlegir fundir .....	13
Samskipti við aðildarfélög .....	13
Fræðslustefna .....	14

Forvarnarstefna.....	14
Jafnréttisstefna .....	14
Siðareglur .....	15

## Inngangur

### Ágrip af sögu sambandsins

Skíðasamband Íslands er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra íþróttafélaga sem iðka, æfa og keppa í skíða-, snjóþettaíþróttinn og skíðaskotfimi. Það hefur æðsta vald um sérgreinamálefni skíðaíþróttarinnar innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, ÍSí.

Tilgangur SKÍ er að hafa yfirstjórn á málefnum skíða-, snjóþetta- og skíðaskotfimiþróttaranna á Íslandi og vinna að eflingu þeirra, hafa yfirumsjón með framkvæmd og stuðla að góðri samvinnu aðildarfélaga. Gefa út reglur um keppnir, hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra og sjá um útgáfu keppnisleyfa.

Sambandið var stofnað 23. júní árið 1946 og var fyrsti formaður SKÍ Steinþór Sigurðsson.

Fyrsta skíðamótið á Íslandi var þó haldi töluvert fyrir stofnun sambandsins eða árið 1905 en það voru Fljótamenn og Siglfirðingar sem stóðu fyrir því en keppnisgreinin var *brekkurennslí*. Fyrsta skíðamót Íslands var svo haldið árið 1937 í Hveradölum og hefur verið haldið á hverju ári síðan utan tveggja ára.

Íslendingar hafa átt keppendur á skíðum á erlendri grundu frá því 1946. Fyrstu íslensku keppendurnir á Ólympíuleikum tóku þátt árið 1948 og höfum við átt keppendur á öllum vetrarólympíuleikum síðan þá fyrir utan árið 1972. Hins vegar tóku Íslendingar fyrst þátt í heimsmeistaramóti árið 1954 en þá var mótið haldið í Svíþjóð.

### Formenn sambandsins

1946-1947 Steinþór Sigurðsson  
1947-1950 Einar B. Pálsson  
1950-1956 Einar Kristjánsson  
1956-1960 Hermann Stefánsson  
1960-1964 Einar B. Pálsson  
1964-1969 Stefán Kristjánsson  
1969-1974 Þórir Jónsson  
1974-1978 Hákon Ólafsson  
1978-1980 Sæmundur Óskarsson  
1980-1988 Hreggviður Jónsson  
1988-1994 Sigurður Einarsson  
1994-1998 Benedikt Geirsson  
1998-2002 Egill Jóhannsson  
2002-2006 Friðrik Einarsson  
2006-2010 Daníel Jakobsson  
2010-2013 Páll Grétarsson  
2013-2019 Einar Þór Bjarnason  
2019- Bjarni Th. Bjarnason

## Skipulag sambandsins

Skíðasamband Íslands er aðili að ÍSÍ og vinnur í samræmi við 7. kafla laga ÍSÍ um sérsambönd.

### Stefna og markmið

Hlutverk Skíðasambands Íslands er að efla íþróttina sem almennings- og keppnisíþrótt og lætur sig þar með varða allt sem við kemur skíða- og snjóbrettaiðkun. Sambandið setti fram framtíðarsýn sína 2015 undir slagorðinu „Rennum okkur saman...“ sem sameinar svo margt sem skíða- snjóbrettafólk sækjast eftir:


- Hreyfingu í ómengaðri náttúru
- Veita öllum ánægju og heilsubót
- Skapa jákvætt viðhorf og styðja heilbrigð gildi
- Eflir fjölskyldu- og vinabönd
- Fjölbreyttri íþrótt fyrir almenning og keppnisfólk

Til að ná framtíðarsýn sinni leggur sambandið áherslu á eftirfarandi þætti í starfsemi sinni:

- Útbreiðslu og fræðslu
  - Kynna nýjar greinar
  - Fjölga börnum á skíðum
  - Efla menntun þjálfara og skíðakennara og fjölga þeim
- Almenningsíþrótt
  - Styðja við og efla almenningsíþróttina
  - Auka þátttöku í almenningsgöngum
- Afreksstefna
  - Efla landslið Íslands í öllum greinum
  - Horfa á íþróttina sem heilsársíþrótt
  - Stuðla að bættri aðstöðu innanlands
- Hagsmunagæsla
  - Málsvari hreyfingarinnar gagnvart
    - opinberum aðilum
    - alþjóðlegum aðilum FIS, IBU og WSF
    - skíðasvæðum og rekstraraðilum

Stjórn sambandsins skipuleggur og útfærir starf sitt og skipurit með það í huga að vinna að þessum markmiðum. Eins og fram kemur er unnin sérstaklega afreksstefna sem tekur til vinnu við uppbyggingu og framkvæmd afreksmála sambandsins.

## Skipurit



## Skipun stjórnar

Stjórn er kosin á Skíðafélagi sambandsins sem haldið er að hausti á hverju ári. Stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára í senn. Í stjórn skulu sitja átta aðilar og kosið er sérstaklega um formann stjórnar auk fagnefndarformanna fjögurra fagnefnda. Aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum, þó skal hafa í huga við stjórnarkjör að aðilar í framboði séu hæfir og tilbúnir til að sinna mismunandi verkefnum. Útnefna skal varaformann, ritara og gjaldkera sérstaklega á fyrsta fundi stjórnar eftir Skíðafélagi. Aðrir stjórnarmenn skulu vera meðstjórnendur en sitja sem formenn fagnefnda (alpaga- og fjárfundarnefndar, skíðagöngunefndar, snjóþráttarnefndar og skíðaskotfímínefndar).

Kjósa skal þrjú varamenn til tveggja ára og skulu þeir taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir eru kosnir. Taki varamaður sæti í stjórn í stað aðalmanns skal hann sitja út kjörtímabilið.

## Hlutverk stjórnar, fagnefnda og starfsmanna

### Formaður

Hefur yfirumsjón með starfsemi sambandsins og sér til þess að stefnu þess sé fylgt. Formaður er fulltrúi sambandsins út á við og málsvari gagnvart öðrum aðilum. Formaður situr formanna- og samráðsfundi hjá ÍSÍ. Formaður hefur ásamt gjaldkera og framkvæmdastjóra umsjón með gerð fjárhagsáætlunar fyrir sambandið. Formaður undirbýr stjórnarfundi, boðar til þeirra og stýrir þeim.

### Varaformaður

Er staðgengill formanns og gegnir stöfum í fjarveru hans. Hann þarf að vera vel að sér um málefni sambandsins til að geta tekið við með stuttum fyrirvara. Varaformaður skal kosinn á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar.

### Gjaldkeri

Er ábyrgur fyrir öllum fjármálum og bókhaldi sambandsins. Gjaldkeri sér um fjárhagsáætlanir og leggur hana fyrir stjórn ásamt formanni og framkvæmdastjóra.

### Ritari

Er ábyrgur fyrir fundargerðum, ritun þeirra, dreifingu og varðveislu. Fundargerðir skal rita á öllum fundum sambandsins, þar sem fram koma þau mál sem tekin eru fyrir, ákvarðanir og framkvæmd þeirra. Fundargerð skal senda á stjórnarmenn/fundarmenn strax eftir fund eða eins fljótt og auðið er.

### Formenn fagnefnda

Skulu taka virkan þátt í að fylgja stefnu og markmiðum sambandsins og gæta samfellu í starfinu. Skulu upplýsa stjórn um framgang þeirra á stjórnarfundum. Vinna náðið með skrifstofu og skulu fylgjast vel með starfinu. Gæta hlutleysis og jafnræðis innan starfi viðkomandi nefndar.

### Framkvæmdastjóri

Heyrir beint undir stjórn og sækir umboð sitt til hennar. Stjórn ber ábyrgð á rekstri sambandsins en framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur. Annast samskipti við ÍSÍ, FIS, aðildarfélög og aðra er tengjast sambandinu. Framkvæmdastjóri skal sitja alla stjórnarfundum og upplýsir stjórn um starfsemina. Framkvæmdastjóri skal reyna eftir fremsta megni að sitja alla nefndarfundum hjá fagnefndum. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með móta-, fræðslu- og útbreiðslumálum

### Afreksstjóri

Heyrir beint undir framkvæmdastjóra og sækir umboð sitt til hans. Er faglegur starfsmaður á sviði afreksmála og styður fagnefndir í sínu starfi. Sér til þess að afreksstefna sé uppfærð og í takt við starf sambandsins. Gerir starfsáætlanir með fagnefndum fyrir hvert tímabil og kemur að ráðningu landsliðsþjálfara og annarra starfsmanna er vinna að afreksmálum ásamt fagnefndum. Ber ábyrgð á starfsemi fagteymis og sér um öll samskipti við fagfólk og iðkendur. Afreksstjóri skal sitja nefndarfundum hjá fagnefndum ef afreksmál eru á dagskrá. Afreksstjóri skal sitja stjórnarfundum þegar afreksmál eru á dagskrá.

### Landsliðsþjálfarar, þjálfarar og aðrir starfsmenn fagnefnda

Heyra undir viðkomandi fagnefnd og sækja umboð sitt til hennar en í daglegu starfi skal afreksstjóri vera yfirmaður þjálfara. Starfa eftir starfsáætlun viðkomandi fagnefndar. Starfa náðið með framkvæmda- og afreksstjóra í skipulagningu verkefna. Sitja ekki nefndarfundum hjá fagnefndum nema óskað sé sérstaklega eftir því.

## Fagnefndir

Hlutverk fagnefnda er að skipuleggja, halda utan um og vinna að verkefnum SKÍ sem snúa að viðkomandi grein. Hver fagnefnd skal útbúa starfsáætlun og fylgja henni eftir. Helstu verkefni fagnefna eru:

- Afreksmál
- Mótamál
- Útbreiðslu- og fræðslumál

Fagnefndir skulu funda a.m.k. einu sinni í mánuði. Formaður fagnefnda situr í stjórn og sinnir því upplýsingaskyldu fyrir viðkomandi fagnefnd til stjórnar. Framkvæmda- og/eða afreksstjóri skulu sitja fagnefndafundi til að aðstoða og leiðbeina fagnefndum.

## Starfsreglur stjórnar Skíðasambands Íslands

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga um Skíðasamband Íslands og almenna viðurkennda stjórnarhætti.

1. Stjórn er kosin samanber 10. gr. laga um SKÍ. Formaður er kosinn sérstaklega auk fjögurra nefndarformanna.
2. Stjórn skiptir með sér verkum. Komi til atkvæðagreiðslu um skipan embætta (varaformaður, ritari og gjaldkeri) stýrir formaður stjórnar því kjöri. Einfaldur meirihluti ræður kosningu í stöðu varaformanns. Nú falla atkvæði jöfn og skal atkvæði formanns stjórnar ráða úrslitum. Formaður stjórnar kemur fram út á við fyrir hönd stjórnar, en í fjarveru hans varaformaður stjórnarinnar.
3. Bresti stjórnarmann hæfi til að taka ákvarðanir eða skipa einstökum málum, skal stjórnarmaður víkja af fundi. Bresti hann hæfi til að sinna stjórnarsetu skal hann víkja og varamaður taka sæti hans. Varamaður heldur sæti sínu út kjörtímabilið.
4. Kjósi stjórnarmaður að hætta störfum í stjórn skal hann tilkynna stjórn sambandsins um afsögn sína. Ef ósætti innan stjórnar er ástæða afsagnar skal hann tilgreina það sérstaklega.
5. Stjórnin metur sjálf hvort sitjandi stjórnarmaður sé á hverjum tíma óháður sambandinu og aðildarfélögum þess og skýra frá niðurstöðu sinni í ársskýrslu sambandsins.
6. Til að stjórn sé unnt að meta sjálfstæði stjórnarmanna skulu stjórnarmenn leggja fram allar viðeigandi upplýsingar, ásamt þeim upplýsingum sem stjórn metur nauðsynlegar, til að framkvæma mat á óhæði þeirra. Þá skulu stjórnarmenn tilkynna stjórn, svo fljótt sem auðið er, ef einhverjar þær breytingar verða á högum þeirra sem áhrif geta haft á mat stjórnar á sjálfstæði þeirra.
7. Stjórn sambandsins fer samkvæmt lögum sambandsins með æðsta vald í málefnum sambandsins milli Skíðaþinga. Stjórn ber að stuðla að viðgangi og framgangi skíðaíþróttarinnar og afreksstefnu sambandsins.
8. Stjórn ber ábyrgð á að stjórnarhættir og innra stjórnskipulag stuðli að skilvirkri stjórn sambandsins.
9. Stjórn skal, að tillögu framkvæmdastjóra og gjaldkera, samþykka fjárhagsáætlun fyrir sambandið árlega og reglulega leggja mat á rekstur sambandsins.
10. Stjórn hefur með höndum ráðningu framkvæmdastjóra og ákveður kjör hans.
11. Stjórn gengur frá og samþykkir erindisbréf nefnda og metur störf þeirra reglulega.




12. Stjórnarmenn skulu kynna sér lög, reglugerðir og afreksstefnu sambandsins og hafa skilning á hlutverki og ábyrgð sinni sem stjórnarmenn. Þeir skulu hver um sig og saman búa yfir nægilegri þekkingu, reynslu og hæfni til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.
13. Stjórnarmenn skulu óska eftir og kynna sér öll gögn og upplýsingar sem þeir telja sig þurfa til að hafa skilning á starfsemi sambandsins og taka upplýstar ákvarðanir.
14. Stjórnarmenn skulu hafa gott orðspor, starfa af heiðarleika, heilindum og fagmennsku. Jafnframt skulu stjórnarmenn taka ígrundaðar ákvarðanir vera nægilega sjálfstæðir til að leggja óhlutdrægt mat á málefni sambandsins og ákvarðanir framkvæmdastjóra.
15. Stjórnarmenn skulu verja nægum tíma til stjórnarstarfa og sinna því af kostgæfni. Jafnframt skulu stjórnarmenn stuðla að góðum starfsanda innan stjórnarinnar.
16. Stjórn skal árlega skilgreina lykilverkefni á komandi starfsári, markmið og stefnu sambandsins og gera starfsáætlun um störf sín. Stjórn skal gæta þess að verkefni og markmið samrýmist stefnu sambandsins hverju sinni.
17. Stjórnarmenn skulu koma í veg fyrir að málefni þeirra, persónuleg eða félagstengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og sambandsins eða félaga í hreyfingunni.
18. Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðað getur málefni einstaklinga eða félaga.
19. Á stjórnarmönnum hvílir jafnframt þagnarskylda um málefni sambandsins og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um starfs síns vegna og leynt skulu fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Stjórnarmenn skulu ekki fjalla opinberlega um umræður, ákvarðanir og afgreiðslur einstakra mála hjá stjórn nema slíkt sé sérstaklega samþykkt af stjórn.
20. Formaður stjórnar, eða framkvæmdastjóra í umboði formanns, boðar fundi stjórnar. Að jafnaði skal boða til stjórnarfundar með þriggja daga fyrirvara. Formaður stjórnar má boða stjórnarfundum með skemmri fyrirvara telji hann það nauðsynlegt. Nú kemur fram beiðni frá stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra um boðun fundar og skal þá halda fund svo fljótt sem auðið er.
21. Stjórnarmenn verða svara fundarboði hið fyrsta svo framkvæmdastjóri geti gert viðeigandi ferðaráðstafanir ef þurfa þykir.
22. Dagskrá funda stjórnar ásamt viðeigandi fundargögnum skal að jafnaði senda út til stjórnarmanna a.m.k. tveimur dögum fyrir boðaðan fund. Heimilt er að dreifa fundargögnum til stjórnarmanna með rafrænum hætti, s.s. gegnum vefgátt. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi stjórnar í samráði við formann stjórnar. Við dreifingu fundargagna skal tekið tillit til þess hvort stjórnarmenn eða aðrir fundargestir séu vanhæfir til umfjöllunar máls á dagskrá. Í þeim tilvikum sem stjórnarmaður eða annar fundargestur telst vanhæfur til umfjöllunar um tiltekinn dagskrárlið skulu honum ekki afhent fundargögn vegna viðeigandi dagskrárliðar.
23. Fundur er lögmætur ef fjórir stjórnarmenn hið minnsta sækja fund. Það telst lögmæt mæting ef aðalmaður stjórnar eða varamaður hans tekur þátt í fundinum í gegnum síma.
24. Reglulegir stjórnarfundir eru alla jafna haldnir á 4-6 vikna fresti, oftast ef stjórn telur tilefni til.
25. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Afreksstjóri hefur heimild til að sitja stjórnarfundum ef afreksmál eru á dagskrá. Framkvæmda- og/eða afreksstjóri skal þó víkja af fundum séu persónuleg málefni hans til umræðu eða ef hann er vanhæfur til að fjalla um viðkomandi mál, í samræmi við þær reglur er gilda um sérstakt hæfi stjórnarmanna.

26. Stjórn ákveður hvort og hvenær aðrir starfsmenn sambandsins sitja stjórnarfundum. Formaður getur ákveðið að bjóða utanaðkomandi aðilum á stjórnarfundum.
27. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri stýra fundum. Í fjarveru formanns skal varaformaður sinni hans hlutverki, en ef hvorki formaður né varaformaður er skal aldursforseti stýra fundum.
28. Afl atkvæða ræður úrslitum kosninga og afgreiðslu mála á stjórnarfundum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns, en í fjarveru hans ræður atkvæði varaformanns úrslitum.
29. Mál skulu almennt ekki borin upp til ákvörðunar á stjórnarfundum nema því aðeins að stjórnarmenn hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fundinn og haft tíma til að kynna sér efni þess. Mál til ákvörðunar skulu almennt lögð fyrir stjórn skriflega. Séu mál lögð fram á stjórnarfundum til kynningar getur slík kynning verið munnleg.
30. Ritari stjórnar ritar fundargerðir stjórnar.
31. Hver sá, er rétt hefur til að sitja fundum stjórnar, hefur rétt til að láta bóka athugasemdir sínar og sérálit í fundargerð vegna málsmeðferðar og afgreiðslu einstakra mála, enda geri viðkomandi skýra grein fyrir þeim skoðunum sínum á fundinum.
32. Eftirfarandi upplýsingar skulu að lágmarki koma fram í fundargerð: Fundarstaður; Dagsetning fundar og annarra daga í sömu fundarlotu ef við á; Dagskrá fundar; Upphafstíma fundar og fundarlok; Númer stjórnarfundar; Nafn fundarstjóra og fundarritara; Nöfn þeirra sem mættir eru á fundinn; Nöfn og starfsheiti starfsmanna sambandsins eða gesta sem koma inn á fund og af hvaða tilefni (fundarliður); Samantekt og niðurstaða dagskrárliða, þ.e. ákvarðanir samþykktar, þeim frestað eða hafnað, fyrirspurnir eða hverjum er gert að fylgja eftir viðkomandi ákvörðun ef við á ásamt upplýsingum um eftirfylgni við ákvarðanir frá fyrri fundum stjórnar ef við á; og blaðsíðutal af fjölda heildarblaðsíðna í fundargerð. Sérstaklega skal bóka í fundargerð ef stjórnarmaður hefur vikið af fundum vegna þess að hann var ekki hæfur til að fjalla um tiltekið mál, hvaða ástæður liggja að baki vanhæfi í tiltekið sinn, og að hann hafi ekki fengið gögn eða upplýsingar vegna slíks máls, sbr. 22. grein starfsreglna þessara. Stjórnarmenn sem sitja viðkomandi fund skulu staðfesta fundargerð með undirritun sinni. Þeir stjórnarmenn sem ekki sitja fund skulu árita fundargerðina um að þeim hafi verið sýnd fundargerðin og sé kunnugt um efni hennar.

## Verklagsreglur sambandsins

Í daglegu starfi sambandsins og á milli Skíðáþinga ber stjórn ábyrgð á rekstrinum. Stjórn fylgist með starfi fagnefndanna og sér til þess að þær fylgi stefnu sambandsins. Starf fagnefnda er viðamikil og tekur á afreks-, móta-, fræðslu- og útbreiðslumálum. Hver fagnefnd fyrir sig þarf að gera starfsáætlun fyrir hvert almanaksár og leggja fyrir stjórn til samþykktar.


### Starfsáætlanir fagnefnda



- Umsóknarfrestur til Afreksjóðs ÍSÍ er 30. september fyrir næsta almanaksár á eftir. Þá þurfa frumáætlanir nefnda að liggja fyrir ásamt kostnaðaráætlun.
- Skíðáþing eru skv. lögum haldin fyrir lok nóvember sem samþykkir fjárhagsáætlun næsta árs með áætlunum nefnda. Úthlutanir hans eru síðan kynntar fyrir lok nóvember.
- Fyrir 1. september ár hvert skulu fagnefndir hafa lokið vinnu við grófa starfsáætlun fyrir næsta ár þar sem kostnaðaráætlun kemur fram. Starfsáætlun skal innihalda eftirfarandi og dagsetningar tilgreindar eftir því sem við á:
  - Afreksmál
    - Upplýsingar um landsliðsval, sem valið er skv. útgefnum valreglum gefnar út haustið á undan, eins og segir í afreksstefnu.
    - Upplýsingar um þátttöku í stórmótum. Valreglur fyrir stórmót kynntar seinna, en eigi síðar en 31. október, eins og segir í afreksstefnu.
    - Upplýsingar um aðrar æfinga- og keppnisferðir auk hæfileikamótunar.
    - Upplýsingar um landsliðsþjálfaramál.
    - Upplýsingar um styrki til landsliðsfólks og/eða í ákveðnar ferðir/verkefni.
  - Mótamál
    - Nefndin skal vera búinn að liggja línurnar fyrir mótun mótatöflu.
  - Fræðslu- og útbreiðslumál:
    - Drög að námskeiðsáætlun.
  - Kostnaðaráætlun fyrir starfsáætlunin í heild sinni.
- Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn SKÍ hafa tekið starfsáætlanir efnislega fyrir til samþykktar.
  - Ef starfsáætlun er einhverra hluta ekki samþykkt skal viðkomandi fagnefnd fá viku frest til að gera breytingar og kynna aftur fyrir stjórn.
- Fyrir 15. maí er stefnt á að fagnefndir kynni starfsáætlun komandi tímabils en þó aldrei síðar en 31. maí.
  - Tilkynna hvernig val á landsliðum lítur út.
  - Valdir liðsmenn skulu hafa fengið allar upplýsingar um starf vetrarins.
  - Tilkynna um þátttöku í stórum mótum.

- Tilkynna um ráðningu á landsliðsþjálfara eða fyrirkomulag landsliðsþjálfunar. Ef auglýst er eftir landsliðsþjálfara skal auglýsing vera farin í loftið fyrir 1. maí.

#### Gerð mótatöflu



Á hverju ári stendur sambandið fyrir bikarmótaröð sem inniheldur Íslandsmeistaramót í hverri grein.

- Fyrir 15. apríl ár hvert þurfa aðildarfélög að sækja um mót fyrir næsta tímabil. Öll aðildarfélög fá áminningu í tölvupósti um umsóknarfrestinn. Þessi frestur á við um allar greinar og öll mót á vegum sambandsins.
- Skrifstofa SKÍ í samvinnu við fagnefndir vinna að fyrstu drögum að mótatöflu út frá umsóknum. Fyrstu drög skulu vera klár fyrir 15. maí og skal þá vera kynnt fyrir stjórn sambandsins.
- Eigi seinna en 1. júní skulu drögin vera send á aðildarfélög sem gefst að koma með athugasemdir til 1. júlí.
- Þegar athugasemdafresti lýkur fer skrifstofa ásamt fagnefndum yfir athugasemdir og uppfæra mótatöfluna. Eigi seinna en 15. september skulu mótatöflur vera kynntar fyrir aðildarfélögum SKÍ.

#### Val á íþróttafólki ársins

Á hverju ári velur stjórn SKÍ einn karl og eina konu sem íþróttafólk ársins hjá sambandinu. Stjórn velur íþróttafólk ársins á stjórnarfundum í desember og valið er fyrir liðið almanaksár.

- Allar fagnefndir tilnefna einn karl og eina konu sem sitt íþróttafólk ársins. Í tilnefningunni skal koma fram helsti árangur á árinu, sæti á heimslista og rökstuðningur fyrir valinu.
- Stjórn SKÍ fer yfir allar tilnefningar og velur að lokum einn karl og eina konu sem íþróttafólk ársins hjá sambandinu.
- Valið skal fara fram fyrir 15. desember ár hvert.
- Fagnefndir skulu fylgja leiðbeinandi reglum um val á íþróttafólki.

## Fjármál

### Stefna sambandsins

Er að fjárhagsleg staða sé ávallt jákvæð og að hún geti stutt við uppbyggilegt og árangursríkt starf sambandsins. Markmið sambandsins er að skila jákvæðri afkomu á hverju rekstrarári. Ávallt skal staðið við gerða samninga og staðið í skilum með greiðslur. Allur rekstur sambandsins skal vera gagnsær, aðgengilegur og í samræmi við landslög.

Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir fjármálum sambandsins og eru allar greiðslur óheimilar án samþykkis hans. Hann er prófkúruhafi á öllum reikningum sambandsins og er óheimilt að stofna reikninga á kennitölu sambandsins nema með leyfi hans og/eða stjórnar.

Formaður og gjaldkeri skulu hafa reglubundið eftirlit með fjármálum sambandsins.

### Inn- og útborganir

Allar greiðslur til sambandsins skulu lagðar á bankareikninga og skráðar í bókhald.

Framkvæmdastjóri annast allar útborganir sambandsins. Greiðslur skv. fyrirbyggjandi samningum er heimilt að millifæra á bankareikninga en aðrar greiðslur skulu einungis eiga sér stað gegn framvísun fullnægjandi fylgiskjala.

Allir reikningar sambandsins eru gefnir út úr reikningakerfi sambandsins.

### Bókhald og endurskoðun

Bókhald sambandsins er fært af bókhaldsfyrirtæki með reglulegum hætti og staðfest af löggildum endurskoðanda.

Ársuppgjör skal liggja fyrir 1. maí ár hvert og skal það gert í samræmi við góða reikningsskilavenju. Auk löggilds endurskoðanda skulu skoðunarmenn, kosnir af Skíðapingi, yfirfara ársuppgjörið.

### Fjárhagsáætlun

Er unnin af gjaldkera og framkvæmdastjóra.

Fyrir Skíðaping skulu liggja fyrir fjárhagsáætlanir til næsta árs. Stjórn sambandsins fer reglulega yfir fjármál sambandsins á sínu fundum og fjárstreymisáætlun skal vera til staðar hverju sinni.

## Fundir sambandsins

### Skíðaping

Er æðsta vald SKÍ og fer fram árlega að hausti. Á Skíðapingi eru teknar fyrir laga- og reglugerðarbreytingar ásamt því að kosið er um formann, í stjórn og nefndir. Farið er yfir ársreikning liðins árs ásamt fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Reglulega skal fara yfir afreksstefnu sambandsins á skíðapingi og á hverju skíðapingi skal skipta þinginu upp í nefndir sem ræða breytingar sem liggja fyrir þingið sem og aðrar hugmyndir um starfið.

### Alþjóðlegir fundir

SKÍ er fullgildur aðili að FIS (alþjóðaskíðasambandinu). Fundir FIS skiptast í þrennt, FIS þing, vorfundur og haustfundur.

**FIS þing** – Fer fram annað hvert ár á vorin (sléttum árum). Þingið er æðsta vald FIS og er kosið um forseta FIS ásamt stjórn. Laga- og reglugerðarbreytingar eru teknir fyrir í bland við tækni- og upplýsingafundi. Skíðasambönd innan FIS geta sótt um að halda FIS þingið og því fer það ávallt fram á mismunandi stöðum um allan heim. Formaður og framkvæmdastjóri SKÍ skulu sækja þingið og æskilegt er að einn annar fulltrúi úr stjórn sækji þingið.

**FIS vorfundur** – Fer fram annað hvert ár á vorin á móti FIS þinginu. Aðallega tækni- og upplýsingafundir hjá öllum greinum innan FIS. Formaður og framkvæmdastjóri skulu sækja fundinn og æskilegt er að afreksstjóri geri það einnig.

**FIS haustfundur** – Fer fram á hverju hausti, í lok september eða byrjun október. Aðallega tækni- og upplýsingafundir hjá öllum greinum innan FIS. Farið yfir ákvarðanir sem hafa verið teknar á vorin. Formaður og framkvæmdastjóri skulu sækja fundinn. Stjórn getur ákveðið að senda fleiri telji hún þörf á því, t.d. afreksstjóra, formenn fagnefnda og landsliðsþjálfara.

**FIS þróunarfundur** – SKÍ er hluti af litlu þjóðunum innan FIS og er sérstakur hópur fyrir þau sem kallast þróunarlönd (developing nations). Annað hvert ár seint á sumrin eða í upphafi hausts er fundur tengt þessum hóp þjóða og er hann á oddaárum. Á fundinn er einungis formanni og framkvæmdastjóra boðið að mæta.

Sitji fulltrúi frá SKÍ í nefnd á vegum FIS er æskilegt að hann sé viðstaddur fundi. Skoðast sérstaklega fyrir hvern fund. Einnig er SKÍ hluti af IBU og WSF þar sem fundir eru sóttir reglulega.

## Samskipti við aðildarfélög

Mikilvægt er að samskipti SKÍ við aðildarfélög sín séu góð og fagleg. Ýmsum upplýsingum þarf að koma áleiðis til aðildarfélaga. Þetta eru t.d.:

- Upplýsingar frá ÍSÍ er snúa að aðildarfélögum.
- Upplýsingar frá FIS er snúa að breytingum í alþjóðlegu umhverfi og reglum.
- Upplýsingar frá SKÍ er snúa að árlegum fundum. Senda skal fundarboð í tíma skv. lögum og/eða reglum. Upplýsa um fresti er snúa að laga- og reglugerðarbreytingum ásamt því að senda dagskrá komandi funda.
- Tilkynningar til aðildarfélaga um val á iðkendum í landslið, hópa eða verkefni frá þeirra félagi.

## Fræðslustefna

SKÍ leggur áherslu á fræðslu í sínu starfi. Það er trú SKÍ að aukin fræðsla og menntun sé til þess fallin að auka fagmennsku innan skíða- og snjóþrettahreyfingarinnar á öllum landinu.

SKÍ stefnir að:

- Að allir þjálfarar sem starfa innan hreyfingarinnar á Íslandi hafi fullnægjandi og viðeigandi menntun til þeirra þjálfarastarfa sem þeir vinna.
- Að tryggja réttindi allra þjálfara með fullnægjandi og viðeigandi menntun til að starfa við þjálfun innan hreyfingarinnar.
- Að vinna að því að mikilvægi þjálfarastarfsins og nauðsyn á góðri þjálfaramenntun öðlist aukna viðurkenningu, bæði innan hreyfingarinnar og meðal almennings.

## Forvarnarstefna

SKÍ leggur áherslu á fræðslu í forvarnarmálum í sínu starfi. Með aukinni fræðslu búum við til heilbrigðari og sterkari einstaklinga.

SKÍ leggur áherslu á:

- Að auka forvarnir varðandi áfengis-, tóbaks, og vímuefnaneyslu auk notkun ólöglegra getuaukandi efna.
- Að auglýsa hvergi áfengis- eða tóbaksvörur í sínu starfi.
- Að neysla hvers konar vímuefna sé bönnuð í tengslum við verkefni SKÍ, héraðs eða erlendis.

## Jafnréttisstefna

SKÍ leggur áherslu á jafnrétti í öllu starfi, að allt starf verði markvisst og skipulagt þar sem öllum er gert kleift að starfa á jafnréttisgrundvelli að hagsmunum SKÍ.

Til að stuðla að jafnrétti kynja og kynþátta leggur SKÍ áherslu á:

- Að jafnréttissjónarmiða sé gætt í hvívetna í öllu starfi sambandsins og að hvers kyns kynja- eða kynþáttamismunun verði ekki liðin.
- Að veita einstaklingum sem valdir eru í lið/verkefni á vegum SKÍ jöfn tækifæri óháð kyni eða búsetu.
- Að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara fyrir bæði kyn. Gerðar eru sömu ráðningarkröfur til þjálfara óháð kyni.
- Að starfsmenn og þjálfarar með sömu eða sambærilega menntun og reynslu skulu njóta sömu kjara óháð kyni.
- Að iðkendur, starfsmenn og kjörnir fulltrúar hafi ekki orð eða athafnir sem líta má á sem kynja- eða kynþáttamisrétti gagnvart öðrum, hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan sambandsins.

## Siðareglur

Siðareglur þessar eiga við um alla er að koma að starfi sambandsins.

1. Komdu fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
2. Gættu trúnaðar og þagmælsku í störfum þínum en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningarskyldu.
3. Misnotaðu ekki valdastöðu þína eða hvers konar yfirburði sem þú kannt að hafa yfir öðrum.
4. Gættu jafnræðis og varastu að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. hvað varðar kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins.
5. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.
6. Þiggðu hvorki gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi þitt.